

Geðhjálp Kiwanis-hreyfingarinnar á Íslandi

Sveinn Magnússon skrifar í tilefni af sölu K-lykilsins

KIWANISHREYFINGIN á Íslandi hefur í rúm 30 ár eða síðan 1974 komið að sannkölluðu brautryðjendastarfi sem lýtur að því að styrkja mál efni geðsjúkra og aðstandenda þeirra. Seint verður fullþakkað það óeigingjarna starf sem Kiwanishreyfingin hefur innt af hendi með því að afla málefnum stuðnings frá einstaklingum og fyrirtækjum. Landsöfnun Kiwanishreyfingarinnar til stuðnings geðsjúkum og aðstandendum þeirra fer fram með sölu K-lykilsins um land allt dagana 4.-7. október næstkomandi.

Rjúfum einangrun geðsjúkra á landsbyggðinni

Framlag og stuðningur Kiwanishreyfingarinnar á Íslandi fyrir þremur árum gerði Geðhjálp kleift að stofna sjö deildir Geðhjálpar á landsbyggðinni samhliða uppbyggingu fræðslu- og upplýsingamiðlunar félagsins. Landsfélagið Geðhjálp hefur þannig eignast öflugt vopn í baráttunni við fordómanna en fordómar hafa verið ein helsta hindrunin þegar stemma hefur átt stigi við þróun geðraskana og hjálpa geðsjúkum að ná bata.

Stefnt er að framhaldi verkefnis þessa á landsvísi af hálfu Geðhjálpar. Verður sjónum beint sérstaklega að ungu fólki á aldrinum 12-25 ára sem á við geðraskanir að etja. Margir í þessum hópi eiga það sameiginlegt að hafa lent á milli kerfa, orðið utangátta og þannig farið á mis við lögbundna samfélagsþjónustu. Ætlunin er að efla og samþætta þau úrræði sem

viða eru í boði en eru hvorki nægilega sýnileg né aðgengileg. Jafnframt verður leitast við að stofna til úrræða þar sem þau vantar. Samhliða áframhaldandi stuðningi og uppbyggingu deilda Geðhjálpar á landsbyggðinni

verður lögð áhersla á að koma á fót athvörfum fyrir þá einstaklinga sem búa við félagslega einangrun vegna geðraskana. Markmiðið er að rjúfa þá einangrun sem einkennir geðsjúka, leitast við að virkja þá og stuðla þannig að hamingjuríkara lífi. Til frekari upplýsinga bendi ég á vefsíðu Geðhjálpar, www.geðhjalp.is.

Öll þekkjum við til geðraskana og áhrifa þeirra á líf fólks. Geðraskanir koma okkur öllum við. Því hvetjum við landsmenn til að taka vel á móti Kiwanisfélögum sem ganga í hús um land allt dagana 4.-7. október og bjóða K-lykilinn til sölu undir kjörorði söfnunarinnar; Lykill að lífi. Söfnunin

fer fram í tengslum við Alþjóðageðheilbrigðisdaginn, 10. október.

Einnig má styrkja málefnið með því að leggja beint inn á reikning söfnunarinnar sem er 1100-26-55000 (kt. 640173-0179). Sparisjóðirnir á Íslandi eru fjárvörsluaðilar söfnunarinnar og aðalbakhjarlar hennar ásamt Toyota, Olis og Bónus. K-lykilinn verður til sölu í öllum verslunum Bónuss og á þjónustustöðvum Olis og einnig í verslunarmiðstöðvum og á öðrum fjölförnum stöðum. Fyrir safnara má geta þess að K-lykilinn fæst nú í þremur litum; rauðum, bláum og gulum.

Að lokum vil ég benda á að engin heilsa er án geðheilbrigðis!

Höfundur er framkvæmdastóri Geðhjálpar.



Sveinn Magnússon

» Verður sjónum beint sérstaklega að fólki á aldrinum 12-25 ára sem á við geðraskanir að etja.